

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Strandgata 6  
Hafnarfjörður

Reykjavík, 6. nóvember 2023  
UST202310-020/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hafnarfjarðarkaupstaðar, dagsett 3. október 2023, um leyfi til framkvæmda innan Kaldárhrauns og Gjánna.

Kaldárhraun og Gjárnar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 396/2009](#). Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu. Einnig er þar óheimilt að spilla gróðri og trufla dýralíf og eru skotveiðar bannaðar. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt menningarminjar á hinu friðlýsta svæði. Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í náttúruvættinu. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulag og verndaráætlun.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til malbikunar á göngu og hjólastíg innan svæðisins. Lega stígsins er sýnd á korti sem fylgdi umsókn. Um er að ræða 430 metra langan kafla af gamla Kaldárselsveginum sem til stendur að malbika. Ekki er gert ráð fyrir að stígurinn verði breikkaður við framkvæmdina en hann er 3 metrar að breidd. Mulningur yrði notaður í kanta stígsins og gert ráð fyrir að staðargróður muni vaxa í honum með tímanum, ekki er ráðgert að sá í kantana. Við framkvæmdirnar er gert ráð fyrir að stígurinn muni hækka um hámark 10 cm frá núverandi hæð. Ráðgert er að fara í framkvæmdina haustið 2023 ef veður leyfir.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins til lengri tíma lítið sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Gestir svæðisins geta orðið fyrir tímabundnum truflunum meðan framkvæmdir fara fram.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarkaupstað fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Kaldárhrauns og Gjánnar sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í eitt ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Bæta þarf skilti um að göngu- og hjólréiðastígur sé að ræða en ekki reiðleið (bannskilti fyrir hesta)

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágúsdóttir  
**forstjóri**

René Biasone

*sérfræðingur*

